

Hvernig vitum við að þetta sé satt. Okkur skilst að yðar trú sé rituð í bók. Ef hún var ætluð fyrir okkur, eins og ykkur, því hefir þá ekki Hinn Mikli Andi gefið okkur og seðrum okkar vís-dóm þessarar bókar og þekkingu til að skilja hann rétt. Við vitum ekkert um hann nema það sem þér segið, og hvernig vitum við hverju við eignum að trúna, þegar við höfum svo oft verið taldregin af hvítu fólk?

Bróðir! Þér segið að það sé að eins ein adferð til að þjóna hinum Mikla Anda. Ef það er að eins eina trú rétt, hvers vegna hafið þið hvítu mennirnir þá svona margvísleg trúarbrögð? Hvers vegna eruð þið ekki öll á sama máli. Þegar þið öll getið lesið þessa bók?

Bróðir! Við skiljum ekki þetta. Okkur er sagt að trú yðar hafi verið gefin til forfeðra yðar og gangi í ættir, frá föður til sonar. Við höfum líka trú, sem var gefin til forfeðra okkar og gengur frá föður til sonar, og sem hefir verið kend okkur, börnum þeirra. Við lifum samkvæmt þeirri trú. Hún kennir okkur að vera þaðklát fyrir þau gaði sem við hljótum, að elska hvert annað og vera sameinuð. Við deilum ekki út af okkar trú.

Bróðir! Hinn Mikli Andi hefir skapað okkur öll, en hann hefir gert afarmikinn mismun á sínum hvítu og rauðu börnum. Hann hefir gefið okkur mismunandi lit og mismunandi hætti. Ykkur hefir hann gefið listir og smekk. Fyrir þessu hefir hann ekki opnað augu okkar. Við vitum að þetta er satt. Fyrst hann hefir gert þeina mikla nun á okkur í öðrum efnum, mættum við þá ekki álykta að hann hafi einnig gefið okkur mismunandi trú, í samræmi við skilningsþroska okkar. Hinn Mikli Andi gerir alt rétt. Hann veit hvað er best fyrir rauðu börnin sín, og við erum ánægð.

Bróðir! Við kærum okkur ekkert um að rífa niður trúar-brögð yðar né taka þau frá yður, en við viljum halda okkar eigin.

Bróðir! Þér segist ekki hafa komið til þess að nái í lönd okkar og eignir, heldur til að upplýsa sálir okkar. Ég vil þá benda yður á, að ég hefi verið við guðspjónustur yðar og séð yður taka samskot frá fólkini. Ég get ekki vitað til hvers féð var fengið, má vera að það hafi verið handa presti yðar, en ef við mættum